

Morgunblaðið


mbl.is/gagnasafn

Þriðjudaginn 29. ágúst, 2000 - Fasteignablað

Innréttingar með þarfir barna í huga



Þóra Birna Björnsdóttir í þvottahúsi sem hún hannaði í íbúð í Reykjavík.



[Smelltu til að sjá stærri mynd]

Börn eru líka fólk, sagði í einni ágætri barnabók. Þessa sér stað í vaxandi mæli í innréttingum íbúða og húsa á Íslandi. Þóra Birna Björnsdóttir, innanhússarkitekt og

menntuð fóstura, sagði **Guðrúnu Guðlaugsdóttur** frá hugmyndum sínum og markmiðum í sambandi við innréttingar fyrir börn.

Eitt af því sem fólk þarf að huga að þegar það innréttar íbúðir eða hús, er þarfir barna. Það er ekki nóg að hafa aðeins barnaherbergi, það er ýmislegt fleira sem breytist þegar smáfólkið kemur til skjalanna. Innhússarkitektar aðstoða við að hanna innréttingar. Þóra Birna Björnsdóttir innanhússarkitekt og fóstura hefur komið að hönnun ýmiss konar verkefna frá því hún lauk námi 1982 frá Skolen för Boligindretning í Kaupmannahöfn. Hún kom til starfa hér á landi haustið 1983.

"Barnaherbergi eru þær vistarverur í húsinu sem sérstaklega eru hannaðar fyrir börnin. Þau breytast eftir aldri barna, kyni og jafnvel heilsufari," segir Þóra Birna.

-Hvernig hannar þú herbergi fyrir ung börn?

"Hvítvoðunga hefur fólk á Íslandi gjarnan inni svefnherberginu hjá sér. Á þriðja ári eru börn tilbúin til þess að fara að leika sér við aðra, þá hafa þau þroska til þess og vilja leika sér við önnur börn. Þá er æskilegt að fólk fari að huga að því að þau fái sérherbergi.

Varast ber skörp horn á húsgögnum

Við innréttingu slíks herbergis tel ég rétt að leggja áherslu á að velja innréttingar og húsgögn sem ekki eru með skörpum hornum. Vanda þarf val á húsgögnunum og að miðað sé við að börnin geti gengið frjálst um herbergið sitt. Það mættu vera lág húsgögn í barnaherbergjum, sem börnin geta notað í leik. Mörg börn hafa gaman af að hafa spegil í herberginu sínu, hann þarf að vera í þeirra hæð. Oft er skemmtilegt fyrir börn að fá að hengja upp sínar eigin myndir á vegg barnaherbergisins. Krítartöflur

eru skemmtilegar en þurfa að vera í réttri hæð. Mér finnst mikilvægt að hillur og allt aðgengi að leikföngum sé gott. Þannig að börnin hafi pláss fyrir dót sem þau eiga, því sé ekki hent í kassa. Það á að gefa börnum möguleika á að raða leikföngunum upp, þannig að þau sé freistandi að skoða og leika sér að aftur og aftur. Börn sem hafa t.d. verið á leikskóla hafa verið vanin á að ganga frá eftir sig og það ættu þau líka að venjast á heima hjá sér.

Lýsing er mikilvæg

Lýsingin í barnaherberginu þarf að vera góð, almenn lýsing. Einnig þarf í barnaherbergið leslampa við rúmið. Seinna meir, þegar börnin hafa fengið skrifborð, þarf góða lýsingu þar og loks er hægt að kaupa næturlýsingu, lítinn kubb sem settur er í innstungur, þá er ekki kolniðamyrkur ef þau vakna að nóttu til. Þetta er gott fyrir t.d. myrkfælin börn. Mikilvægt er að ung börn hafi gott gólfpláss.

- Nú eru barnaherbergi í sumum íbúðum lítil, hvað er þá til ráða?

"Í sumum tilvikum myndi ég, ef hægt væri, leggja til skipti þannig að foreldrarnir fengju minna herbergið en börnin hjónaherbergið. Æskilegra er að börnin séu fleiri saman í stóru herbergi en skipta þeim niður í mjög lítil herbergi.

Í sumum tilvikum er líka hægt að hafa lítil herbergi sem svefnrými fyrir börnin, en stærra herbergi þá sem leikrými. Meira og meira er um að fólk vinni heima. Í slíkum tilvikum er æskilegt að börnin séu þá í leikherbergi nálægt vinnuherbergi foreldranna. Börnin vilja vera nálægt hinum fullorðnu."

-Hvernig á að innrétta leikherbergi?

"Mér finnst leikherbergi þurfa að vera með góðu gólfplássi, þar sem hægt er að hafa fjölbreytilega leiki, taka fram dýnur til að leika sér á, hafa klifurgrind til að klifra í, setja jafnvel hengirúm. Í leikherberginu þurfa að vera hillur, helst fastar í vegginn, svo þær hvolfist ekki yfir börnin ef mikið gengur á í leikjunum. Einnig þarf í slíku herbergi að vera borð, 73 sentimetra hátt, sem fullorðnir og börn geta gert eitthvað saman við. Til eru stólar sem heita Trip-trap. Þeim stólum er hægt að breyta í samræmi við hæð barnanna. Hægt er að hækka og lækka setuna og pallur er fyrir fætturna sem hægt er líka að hækka og lækka. Vert er að huga að því fyrir fullorðna sem vinna með börn t.d. í leikskólum, að það er óhollt að bogra lengi við lág húsgögn."

- Hvað með aðra staði í húsinu, hverju þarf að huga að þar með tilliti til þarfa barna?

"Byrjum á anddyrinu. Þar þarf að vera aðgengilegt fyrir börn að ganga frá yfirhöfnum sínum, snagar fyrir yfirhafnir sem þau ná til og skúffur þar sem þau geta sett húfur og vettlinga. Anddyri mega helst ekki vera of lítil. Flestir eiga mikið af yfirhöfnum og skófátnað, síst minna en áður. Það eru til skógrindur til að setja í fataskápa og sérstakir skóskápar sem ætlaðir eru fyrir skófátnað svo hann sé ekki að þvælast um á gólfinu. Það getur orðið erfitt að koma slíku fyrir, ef anddyrið er mjög lítið."

Eldhúsið

-Hverju þarf að huga að í sambandi við börn og eldhús?

"Eldhúsið er hannað fyrir þá sem vinna mest í því. Eldhúsvinnuborð er t.d. venjulega 90 sentimetrar að hæð. Hins vegar veit ég til að t.d. í Danmörku hafa verið hannaðar innréttingar þar sem sökklar eru útdraganlegir, einskonar skúffur á hvolfi, á þeim geta börnin staðið og ná þá vel upp á borðið.

Einnig er hægt að nota Trip-trapstólinn, láta börnin standa á fótapallinum við borðið. Í því sambandi þarf auðvitað að hyggja að öryggisatriðum, svo sem að börnin nái ekki til potta á eldavélinni og hafa ofna með öryggislæsingum. Einnig er hægt að hafa nauðsynlegt leirtau fyrir börn í aðgengilegri hæð, t.d. í skúffum eða grindum sem algengar eru orðnar í nýjum innréttingum, þ.e. undir borðhæð.

Börnin vilja vera nálægt hinum fullorðnum, líka í eldhúsinu. Ég breytti einu sinni skipulagi í eldhúsi, þannig að þar sem borðkrókur átti að vera, hafði ég vinnuborð fyrir tvö börn með skúffu á milli þeirra. Þá gat hinn fullorðni unnið að sínu, börnin dundað og matborðið var frítt.

Ástæðan fyrir því að þetta er gert er, að þá opnast möguleiki á að hinn erfiði tími, meðan verið er að undirbúa máltíðir með ung börn á heimilinu, verði rólegri og auðveldari. Þá er hægt að leyfa þeim að vera nálægt með sitt dót án þess að þau séu fyrir í störfum hinna fullorðnu. Síðar þegar börnin eru komin á skólaaldur er mjög algengt að þau vilji ekki fara inn í herbergin sín til að læra, heldur vera hjá hinum fullorðnu sem oft veita líka aðstoð. Svona aðstaða í eldhúsi getur nýst mjög vel þegar þannig

háttar til."

- Hvað með baðherbergið?

"Í baðherbergi þarf að huga að því að börn geti náð upp í vaskinn. Til eru skemlar sem þau geta staðið uppá til að ná upp í vaskinn til að þvo sér. Heppilegt er að hanna baðherbergi þannig að það geti nýst sem skiptiherbergi þegar ungbarn er á heimilinu. Þá þannig að við vaskinn sé aðstaða, borð til að skipta á barninu á, og hirslur til að geyma nauðsynleg þvottaáhöld, handklæði og fatnað.

Aðstaða í þvottahúsum

Svo við snúum okkur að þvottahúsum þá finnst mér æskilegt að þau séu staðsett í nálægð við svefnherbergi, því þaðan kemur mest af þvottinum. Það þarf líka helst að vera aðgengi út í garð úr þvottahúsi ef það er á fyrstu hæð eða hafa möguleika á að fara með þvott út á grind til þerris á svölum.

Flestir eru raunar komnir bæði með þvottavélar og þurrkara þannig að minna er hengt út en áður. Ef hægt er væri æskilegt að hafa körfur fyrir mismunandi þvott í þvottahúsinu. Þægilegt er líka að hafa vinnuáðstöðu í þvottahúsi til að ganga frá þvottinum. Þvottahús eru of lítil í mörgum tilvikum í dag. Þá er vaskur nauðsynlegur í þvottahúsi."

-En hvað með aðra hluta húss eða íbúðar?

"Um stofur er fátt eitt að segja. Margir vilja losna við sjónvörp úr stofum og það færir raunar í vöxt að hafa sjónvarp í fleiri en einu herbergi íbúða. Oft eru þau á göngum í svokölluðu sjónvarpsrými. Það hefur vissa kosti, t.d. ef gangurinn er í nálægð við eldhús.

Þá getur hinn fullorðni unnið í eldhúsinu meðan barnið horfir á sjónvarpið skammt frá. Þegar sjónvarp er staðsett er nauðsynlegt að ætla pláss fyrir vídeospólur. Þær þurfa að geymast í hillum eða skápum.

-Hvað með alrými sem oft er talað um og þykir eftirsóknarvert í húsum í dag?

"Í mínum huga er alrými herbergi sem hægt er að gera allt mögulegt í, það er þá leikrými, vinnuherbergi fullorðinna eða jafnvel tengt eldhúsi þar sem er bæði matreitt og matast og þar er þá líka sjónvarp og jafnvel tölva, en þær eru raunar að verða algengar í barna-herbergjum. Svona alrými eru ekki í mörgum húsum á Íslandi."

-Nú eru hús mjög mismunandi að gerð, hvernig er hægt að koma öllu þessu heim og saman?

"Maður tekur hvert verkefni fyrir sig með viðtali við húsráðendur. Kemst að því hverjar óskir þeirra eru og þarfir og hvernig húsnæðið er. Það er því ekki hægt að gefa neitt algilt svar: Svona á þetta að vera. Lausnir geta verið mismunandi eftir húsum og fólki. Maður verður fyrst og fremst að vinna með það rými sem fyrir hendi er og þarfir þess fólks, sem þar býr.

[Líkar þetta](#)

Aðrar greinar

Þriðjudaginn 29. ágúst, 2000 - Fasteignablað

- Það fyrirkomulag, að ríkisstofnun sé...
- Norrænu húsnæðislánakerfin
- NÝTT miðborgarhverfi á Potsdamer Platz í...
- BARNAHERBERGI breytast eftir aldri barna...
- Gullrönd gerir gæfumuninn
- Innskotsborð af nýrri tegund
- Blóm í súðarglugga
- Ævintýralegir páfagaukar
- Útreikningar í nýju greiðslumati
- Góð rishæð við Háteigsveg

Slóð: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=555245

Skoðað: 2011-05-03 13:25

© mbl.is/Árvakur hf